



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 30/2024

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga EG skrifstofuhúsgagna.

I.

Málsmeðferð

Dagana 5. júní til 7. júní 2024 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í ýmsum verslunum í Ármúla og nærliggjandi götum. Kom starfsmaður Neytendastofu þ.á.m. í verslun EG skrifstofuhúsgagna í Ármúla 22, sem rekin er af EG skrifstofuhúsgögnum ehf., þar sem verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga inni í versluninni og í útstillingum verslunarinnar var ábótavant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við verðmerkingar á mörgum stólum, tússtöflum og borðum. Einnig vantaði verðmerkingar á Balance Board, stóla og Human Tool bretti í sýningarglugga.

Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Þá var þeim athugasemdum komið á framfæri af hálfu starfsmanns verslunarinnar að verið sé að útbúa nýja miða með nýju vörumerki. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 12. júní 2024, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



Þann 9. júlí 2024, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Leiddi seinni skoðun stofnunarinnar í ljós að ástand verðmerkinga var óbreytt frá fyrri skoðun. Voru n.tt. sérstakar athugasemdir gerðar við að verðmiðar í glugga voru ekki sýnilegir utan frá ásamt því að pennar og ýmsar töfluvörur voru óverðmerktar í sýningarskáp í versluninni. Þá var verðmerkingu á stólum og skrifborðsstólum enn ábótavant. Í síðari skoðun stofnunarinnar var þeim athugasemdum komið fram af hálfu starfsmanns verslunarinnar að verðmiðar væru ennþá í hönnunarferli.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 10. júlí 2024, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst stofnuninni með tölvubréfi, mótt. 17. júlí 2024, þar sem félagið kom því á framfæri að það leitist ávallt við að hafa verðmerkingar áberandi í verslun og á heimasíðu félagsins og að skoðun stofnunarinnar hafi hitt þannig á að það var verið að breyta um vörumerki og fyrirtækjaliti í sumar og því var prentun verðmiða í lágmarki vegna þessa. Þá hafi félagið ekki litið svo á að þær vörur sem standa í gluggakistum séu ekki eiginlegar gluggaústillingar og voru þær vörur því verðmerktar innan frá, en það hefur verið bætt úr því og verðmerkingar nú sjáanlegar utanfrá.

Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hafa EG skrifstofuhúsgögn ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í versluninni EG skrifstofuhúsgögn í Ármúla 22 í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu



til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber versluninni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar að verðmerkingum var ábótavant inni í verslun og í útstillingum verslunar félagsins í Ármúla 22. Voru n.tt. gerðar athugasemdir við verðmerkingar á vörum í glugga verslunarinnar, pennum og töfluvörum í sýningarskáp verslunarinnar og á stólum og skrifborðsstólum inni í versluninni. Eftir fyrri skoðun var félaginu gert grein fyrir ástandi verðmerkinga og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Í skýringum sem fram komu af hálfu félagsins kemur fram að þegar skoðanir á verðmerkingum fóru fram í versluninni hafi félagið verið að breyta um vörumerki og fyrirtækjaliti og því var prentun verðmerkimiða í lágmarki auk þess sem það hafi ekki litið á vörur í gluggakistum sem eiginlegar útstillingar. Með vísan til þess að þær vörur sem staðsettar voru í glugga verslunarinnar hafi verið sjáanlegar neytendum þegar gengið er framhjá versluninni telur Neytendastofa að um útstillingu hafi verið að ræða. Þar sem verðmerkingum var ekki komið í viðunandi horf á þeim tíma sem leið á milli skoðana telur Neytendastofa því nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir



Neytendastofu hæfilegt að leggja á EG Skrifstofuhúsgögn ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„EG Skrifstofuhúsgögn ehf., Ármúla 22, 108 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslun EG Skrifstofuhúsgagna í Ármúla 22.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á EG Skrifstofuhúsgögn ehf. að fjárhæð kr. 100.000 (hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 19. ágúst 2024

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir